

KIRKJUGARÐARÁÐ

Fjarfundur

181. fundur haldinn fimmtudaginn 16. desember 2021.

Pátttakendur: Ragnildur Benediktsdóttir lögfræðingur og formaður ráðsins, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar, fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs og Sigurgeir Skúlason verkefnastjóri.

1. Setning fundar

Fundur settur kl. 13:00 og fundargerð 180. fundar var lögð fram og samþykkt.

2. Fundur í dómsmálaráðuneytinu í tengslum við afhendingu skýrslu kirkjugarðaráðs um hönnun og kostnað við byggingu og rekstur nýrrar bálstofu á Íslandi.

Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri ráðsins gerði grein fyrir fundinum. Guðmundur Rafn, Valtýr og Þórsteinn sóttu fundinn en Ragnildur Benediktsdóttir formaður nefndarinnar var forfölluð. Haukur ráðuneytisstjóri tók á móti fulltrúum ráðsins. Lét ráðuneytið vel af skýrslunni og mun kynna hana fyrir nýjum ráðherra. Afráðið var að allir ráðherrar í ríkisstjórn fái skýrsluna og var framkvæmdastjóra falið að semja bréf sem fylgi með.

3. Næsti fundur

Hann verður haldinn 10. febrúar 2022. Fundurinn hefst kl. 11 og verður hann haldinn á Biskupsstofu. Farið verður yfir umsóknir í kirkjugarðasjóð.

4. Önnur mál

Formaður gerði grein fyrir svari við bréfi sem barst frá danska sendiráðinu þar sem færeysk kona óskaði eftir að lík í ómerktri gröf í Kálfafellskirkjugarði yrði grafin upp og kannað með DNA-rannsókn hvort um afa hennar væri að ræða. Gröfin var tekin eftir 1940. Málinu var vísað til kennslanefndar.

Smári kynnti fyrirspurn sem barst á vefinn Garður.is. Spurningin var hvort hægt væri að afmá nafn úr skránni. Tekið verður á málinu ef formlegt erindi berst. Hann verður haldinn 10. febrúar 2022. Fundurinn verður haldinn á Biskupsstofu. Farið verður yfir umsóknir í kirkjugarðasjóð.

Fundi slitið kl. 13:55.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari